



GARÐABÆR



UMHVERFISSTEFNA
GARÐABÆJAR

Útgefandi: Umhverfisnefnd Garðabæjar, 2017

Hönnun: Grafika ehf / Guðrún Anna Magnúsdóttir

Ljósmyndir: Jóhann Óli Hilmarsson, Árni Tryggvason
og Erla Bil Bjarnardóttir

UMHVERFISSTEFNA GARÐABÆJAR

YFIRMARKMIÐ

Vitund og þekking á umhverfi og umhverfismálum sveitarfélagsins sé eins og best verður á kosið og náttúran sé lifandi hluti af daglegu lífi og lífsgæðum íbúa Garðabæjar.



Kasthúsatjörn

ALMENN MARKMIÐ:

- Markviss umhverfisfræðsla tryggji að bæjarbúar séu meðvitaðir um mikilvægi þess að umgangast umhverfi sitt og náttúru af tillitssemi og umhyggju.
- Vistvænar samgöngur verði efldar og dregið úr neikvæðum umhverfisáhrifum umferðar.
- Allt yfirbragð bæjarlandsins sé aðlaðandi og hvetji til útivistar í bæjarlandinu.
- Gæði neysluvatns sem dreift er af Vatnsveitu Garðabæjar séu tryggð.
- Haldið verði uppi öflugum vörnum gegn hvers kyns mengun.
- Flokkun sorps verði aukin og stefnt að minnkun sorps.
- Vöktun á loftgæðum í bænum verði aukin.
- Náttúrulegri fjölbreytni lífríkis í bæjarlandinu sé viðhaldið eins og unnt er.
- Velferð dýra sé leiðarljós við allt dýrahald í bæjarlandinu.
- Sjálfbær þróun samfélagsins sé leiðarljós við skipulag byggðar og umhverfis og við hönnun mannvirkja.



Strandstígur á Sjólandi

1. UMHVERFISFRÆÐSLA

Markmið:

- Bæjarbúar séu meðvitaðir um hvernig þeir geta bætt líf sitt og afkomenda sinna með því að umgangast umhverfi sitt og náttúru af tillitssemi og umhyggju. Bæjarbúar kunni skil á helstu hættum sem náttúrunni stafar af daglegu lífi fólks og starfsemi fyrirtækja, svo sem hvers konar mengun og gróðurspjöllum. Bæjarbúar viti hvernig hægt er að vernda náttúruna og kunni að njóta hennar.



Útikennsla um fugla á Álftanesi

Leiðir að markmiði:

- markviss umhverfisfræðsla til almennings,
- tryggt sé að upplýsingar og fræðsluefni um umhverfismál í bænum sé aðgengilegt öllum,
- bæjarbúum verði auðveldað að leggja hönd á plóg um verndun og umbætur á umhverfi og náttúru,
- bæjarbúar hafi skilgreindan farveg til að koma hugmyndum sínum og skoðunum varðandi umhverfismál á framfæri.

Markmið:

Umhverfismennt og menntun til sjálfbærni, sé mikilvægur þráður í starfi skóla bæjarins og fléttuð inn í almennt námsefni. Allir nemendur í skólum bæjarins fái fræðslu um umhverfið og sé kennt að njóta náttúrunnar og umgangast hana með virðingu og umhyggju.

Leiðir að markmiði:

- stuðla að áframhaldandi gerð námsefnis um nærumhverfið,
- fagstjórar í umhverfisfræðslu starfi við grunnskóla bæjarins,
- að sjá skólunum fyrir hentugu námsefni, bæði sértæku námsefni um umhverfismál í Garðabæ og almennu fræðsluefni,

- að bjóða nemendum í bænum upp á útikennslu um náttúru og lífríki með sérfræðingi um viðkomandi viðfangsefni s.s. lífríki vatna, fugla og gróður,
- að flétta inn í skólastarfið virkri þátttöku í umhverfisvernd og umbótum, t.d. með því að skólar taki að sér umsjón og verndun tiltekinna svæða eða náttúruminja,
- starfsemi vinnuskólans verði að hluta fólgin í umhverfisfræðslu, umhverfisverndun og náttúruupplifun.

Markmið:

Öflugt samstarf við félög áhugafólks um umhverfisvernd í Garðabæ.

Leiðir að markmiði:

- útgáfa upplýsingaefnis og leiðbeininga,
- bærinn hafi frumkvæði að sérstökum átaks- eða samvinnuverkefnum.

2. SAMGÖNGUR

Markmið:

Að draga úr aukningu umferðar og þar með neikvæðum umhverfis-áhrifum frá umferð.

Leiðir að markmiði:

- stuðla verði að sjálfbærari byggðarþróun,
- vistvænar samgöngur verði efladar, til að mynda með bættu hjóla- og göngustíganeti,
- hlutdeild almenningsgangna verði aukin.

Markmið:

Að draga úr slyshættu gangandi og hjólandi vegfarenda, hávaðamengun og staðbundinni loftmengun frá umferð.

Leiðir að markmiði:

- vegstæði verði afskermuð frá íbúabyggð,
- við gerð skipulags verði gert ráð fyrir göngubrúum/undirgöngum þar sem gönguleiðir þvera stofnbrautir,
- umferð þungavinnuvéla um íbúðahverfi verði takmörkuð,
- stofnbrautir séu með fáum en greiðfærum gatnamótum.



Allir út að hjóla

3. ÚTIVIST

Markmið:

Að tryggja íbúum góðan aðgang að auðugri og aðlaðandi náttúru og hvetja til útivistar.

Leiðir að markmiði:


- að vinna áfram að gerð göngu- og hjólastíga innan byggðar sem tengjast útivistarsvæðunum og strandlengjunni, ásamt því að stuðla að góðum tengingum við nágrannasveitarfélögin,
- að bæta lýsingu göngu- og hjólastíga,
- að bæta aðstöðu á útivistarsvæðum, til dæmis með grillaðstöðu, leiktækjum og snyrtiaðstöðu,
- að auka við og bæta útivistarsvæði innan bæjarmarka.

4. VATNSVERND

Garðabær er aðili að skipulagi vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu.

Markmið samþykktarinnar er að tryggja verndun grunnvatns vatnsverndarsvæða höfuðborgarsvæðisins þannig að gæði neysluvatns á vatnstökustað uppfylli ávallt kröfur sem gerðar eru í gildandi löggjöf.

Vatnsveita Garðabæjar dreifir aðkeyptu vatni frá Vatnsveitu Kópavogs úr vatnsbóli í Vatnsendakrikum.



Flórgoði á Vífilsstaðavatni

5. MENGUN

Markmið:

Garðabær verði vistvænt bæjarfélag og umhverfið heilnæmt og aðlaðandi.

Leiðir að markmiði:

- miða aðgerðir í skipulags og umhverfismálum við að áhrif mengunar verði í lágmarki,
- reglulegar mælingar á efna- og saurmengun lækja og strandar,
- framfylgja gildandi vöktunaráætlun Vífilsstaðavatns og Urriðavatns,
- halda áfram framkvæmdum í frárennismálum og við hreinsun strandlengjunnar,
- stuðla að notkun minna mengandi farartækja og vistvænna orkugjafa,
- vinna að vörnum gegn mengun vatns, lofts, sjávar og jarðvegs, t.d. í iðnaðarhverfum og við strandlengjuna,
- auka fræðslu til almennings um efnanotkun utanhúss,
- draga úr sjónmengun, m.a. þar sem iðnaðarhverfi og íbúðahverfi liggja saman og hvetja íbúa og atvinnurekendur í Garðabæ til að hafa snyrtilegt í kringum sig,
- miða heimildir til uppsetningar auglýsingaskilta við það að þau valdi sem minnstri sjónmengun,
- hvetja fyrirtæki í Garðabæ til að setja sér stefnu í umhverfismálum.



Fjara í Garðahverfi

6. MEÐFERÐ ÚRGANGS

Markmið:

Að auka flokkun úrgangs og draga úr sorpmagni.

Leiðir að markmiði:

- sorphirðugjöld hvetji til flokkunar úrgangs og þess að draga úr magni hans eftir föngum,
- grenndargámar verði aðgengilegir í snyrtilegum gerðum,
- skil hvers kyns spilliefna verði vandlega kynnt fyrir almenningi og forráðamönnum fyrirtækja,
- settar verði upp ruslafötur alls staðar þar sem umferð er veruleg,
- samráð verði haft við félagasamtök um fræðslu um umgengni og meðferð úrgangs.

7. LOFTGÆÐI

Markmið:

Vel sé fylgst með loftgæðum í bænum.

Leiðir að markmiði:

- mæli verði komið upp við nýja þjónustumiðstöð í Molduhrauni,
- bann við sinubrunum í landi Garðabæjar.



Margæsir yfir Bessastöðum



Margæsir

8. VERNDUN LÍFRÍKIS, NÁTTÚRU- OG SÖGUMINJA

Markmið:

Að viðhalda náttúrulegri fjölbreytni lífríkis og varðveita náttúru- og söguminjar ásamt því að stuðla að betri umgengni á viðkvæmum svæðum.

Leiðir að markmiði:

- náttúruperlur og menningarsögulegar minjar í landi Garðabæjar verði merktar og gerðar aðgengilegar almenningi,
- hlúa að minjum frá seinni heimsstyrjöld, þeim forðað frá eyðileggingu og þær kortlagðar,
- varðveita heildarmynd af jarðfræðilegum fyrirbærum sem gefa yfirlit um jarðsögu og vernda jarðmyndanir sem eru sérstakar eða einstakar á lands- eða heimsvísu,
- upplýsingar um náttúruna séu aðgengilegar bæði fyrir stjórnendur bæjarins og almenning. Gerð verði sérkort af mikilvægum svæðum í tengslum við skipulagsvinnu,
- áhersla verði lögð á rannsóknir á lífríki Vífilsstaðavatns og Urriðavatns, verndun vatnanna og kynningu fyrir almenningi, sem auk þess gefist kostur á að nýta nytjastofna þeirra,
- gerð verði skýrsla um vistkerfið, flóru og líffræðilega fjölbreytni í Garðabæ,
- að varðveita landslag sem er sérstætt, fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis.



Atvinnubótavegur í Garðahrauni

9. DÝRAHALD

Markmið:

Dýravelferð sé leiðarljós við allt dýrahalð í bænum.

Leiðir að markmiði:

- samarbeiðt sauðfjár samkvæmt samningi um notkun beitarhólfs í landi Hafnarfjarðar við Krýsuvík 11. júní 2014,
- hugað sé að reiðstígum og áningastöðum,
- gerð séu útivistarsvæði fyrir hunda og hugað að þeim,
- samþykkt um hæsnahald.

Markmið:

Lausaganga búfjár sé óheimil í bæjarlandinu.

Leiðir að markmiði:

- hrossabeit sé stýrt með verndun gróðurfars að leiðarljósi.



Fólk og hundar í útivist á Bala

10. LANDRÝMI OG LANDNÝTING

Markmið:

Að samræma vaxandi byggð, auðugt mannlíf og varðveislu náttúruverðmæta.

Leiðir að markmiði:

- að skipuleggja byggð þannig að árekstrar við umhverfið verði sem minnstir og jafnframt þannig að aðstaða íbúa til að njóta náttúru bæjarlandsins verði sem best,
- að haga framkvæmdum á vegum Garðabæjar þannig að sem minnstu sé raskað og það sem úrskaiðis fer verði lagfært svo fljótt sem hægt er,
- að halda áfram ræktun skjólgróðurs, fegrún opinna svæða og endurbótum á aðgengi.
- að stuðla að skógrækt á útivistarsvæðum ofan byggðar í samráði við og samkvæmt gildandi samstarfsamningum við Skógræktarfélagin.



Endurheimt votlendis við Kasthúsatjörn - fyrstu skóflustungur

Líffræðileg fjölbreytni í Garðabæ

Fylgirit umhverfisstefnu 2017

Markmið:

Að styrkja stöðu líffræðilegrar fjölbreytni í náttúru Garðabæjar

Til að vinna að því markmiði skal unnið að eftirfarandi:

Endurheimta, fjölga og efla búsvæði lífríkis

- Kortleggja og greina svæði þar sem tækifæri eru til að endurheimta búsvæði.
- Styrkja einstaka lífverustofna sem horfið hafa frá upprunalegum útbreiðslusvæðum eða fara minnkandi.
- Huga að líffræðilegri fjölbreytni við skipulag og hönnun byggðar s.s. með grænum þökum.
- Innleiða blágrænar ofanvatnslausnir sem viðhalda náttúrulegri hringrás vatns.
- Ræktun og umhirða stuðli að fjölbreytileika gróðurs og annars lífríkis.
- Bæta búsvæði fyrir fugla og önnur dýr.

Skrá og safna þekkingu á líffræðilegri fjölbreytni í Garðabæ

- Kortleggja helstu vistkerfi, vistgerðir og einnig fjölbreytni og útbreiðslu lífveruhópa.
- Skilgreina vistkerfi og tegundir sem þarfnast verndunar og vöktunar.
- Rýna stöðu verndarsvæða og meta þörf á úrbótum.
- Greina þjónustu vistkerfa innan Garðabæjar.
- Kanna gildismat og þekkingu íbúa á líffræðilegri fjölbreytni.

Vinna gegn helstu ógnum við líffræðilega fjölbreytni

- **Búsvæðaeýðing:**
 - Meta hvort og hvernig skipulag, landnotkun, framkvæmdir og rekstur bæjarlandsins veldur búsvæðaeýðingu.
 - Skilgreina og innleiða fyrirbyggjandi- og mótvægis aðgerðir gegn búsvæðaeýðingu.

- **Mengun:**

- Skilgreina og meta áhrif hvers kyns mengunar á líffræðilega fjölbreytni.
- Draga úr mengun sem hefur neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni.

- **Ágengar tegundir:**

- Skilgreina og kortleggja útbreiðslu ágengra tegunda og móta aðgerðir til að útrýma eða hefta frekari útbreiðslu.
- Fræða íbúa um ágengar tegundir, áhrif þeirra og aðgerðir gegn þeim.

- **Loflagsbreytingar**

- Skilgreina áhrif loftlagsbreytinga á líffræðilega fjölbreytni og meta þörf á vöktun.
- Stuðla að aðlögun líffræðilegrar fjölbreytni við loftlagsbreytingum.
- Styðja við líffræðilega fjölbreytni sem vinnur að kolefnisbindingu s.s. með endurheimt votlendis.

Fræðsla um líffræðilega fjölbreytni verði með víðtækum hætti

- Hafa sýn yfir fræðslu- og rannsóknarstarf hjá stofnunum, samtökum og óháðum aðilum.
- Efla fræðslu og upplýsingamiðlun til íbúa um aðgerðir til eftirlits og úrbóta.

Garðabær verði leiðandi í stefnumótun um líffræðilega fjölbreytni

- Tryggja stöðu líffræðilegrar fjölbreytni í skipulagi, stefnumótun umhverfismála, við framkvæmdir og rekstur bæjarins.
- Innleiða nýjungar í tækni og hugmyndafræði við aðgerðir til úrbóta.
- Efla samstarf við önnur sveitarfélög og félagasamtök um einstök málefni.
- Taka þátt í alþjóðlegum verkefnum um líffræðilega fjölbreytni.
- Fylgja eftir innleiðingu stefnu með markvissri, tímasettri aðgerðaáætlun, að fjármagn sé tryggt til nauðsynlegra aðgerða og að reglulega sé lagt mat á árangur.



Kría í friðlandi Vífilsstaðavatns

Viðauki

Landgerðir í Garðabæ og dæmi um svæði:

- **Mólendi**

Bessastaðanes, holt ofan byggðar.

- **Skóglendi**

Vífilsstaðahlíð í Heiðmörk, Smalaholt, Sandahlíð, Hádegisholt, Tjarnholt og ungmennafélagslundurinn á Vífilsstöðum.

- **Garðar í byggð**

Áratuga gróin hverfi bæjarins á lóðum og opnum svæðum með fjölbreyttum trjágróðri og blómjurtum. Trjágarðurinn á Vífilsstöðum.

- **Tún og ræktarlönd**

Garðahverfi, á Álftanesi, Vífilsstöðum og á opnum svæðum í byggð.

- **Fjörur, leirur og grunnsævi**

Fjörur í Garðabæjarhluta Skerjafjarðar, s.s. við Kópavog og við Arnarnesvog, á Álftanesi má nefna Bala, Hliðsnes, Hlið, Helguvík, Halakotstjörn, Sandskarð, Hrakhólma, Eyri, Seylu, Bessastaðanes, Skógtjörn og Lambhúsatjörn.

- **Votlendi, mýrar, tjarnir, vötn og lækir**

Vífilsstaðavatn, Vatnsmýri og Vífilsstaðalækur. Dýjamýri, Þurramýri og Oddsmýri austan og sunnan Urriðavatns og Urriðavatn, Bessastaðatjörn, Kasthúsatjörn, Balatjörn, Halakotstjörn, Garðatjörn, Álamýri norðan í Garðaholti. Arnarneslækur, Hraunsholtslækur, Stórákrókslækur, Gvendarlind norðan í Arnarnesi, Garðalind.

- **Eldstöð, hraun, klettur og hrauntraðir**

Búrfell og Búrfellshraun með öllum sínum sérheitum s.s. Gálgahraun, Gálgaklettur, Búrfellsgjá og Selgjá.



Vatnsmýri við Vífilsstaði



Sjávarleirur í Seylu



GARÐABÆR